



Lýðræði og velferðarsamfélag



Réttindi og frelsi í lýðræðisríki

- Ísland er lýðveldi og lýðræðisríki. Lýðveldið var stofnað 17. júní 1944.
- Lýðveldi þýðir að fólkið ræður. Það kýs fulltrúa á Alþingi og fulltrúa í sveitarstjórnir. Þessir fulltrúar starfa fyrir ólíka stjórnmalaflokka.
- Kosningar til Alþingis eru á fjögurra ára fresti.
- Forseti landsins er líka kosinn af íbúum landsins, til fjögurra ára í senn.
- Í kosningum ræður meirihlutinn.
- Það er þó áriðandi að meirihlutinn taki tillit til vilja minnihluta þegar stefna er mörkuð, t.d. á Alþingi og í sveitarstjórnun.



Mynd frá VMST



Réttindi og frelsi í lýðræðisríki - framhald

- 18 ára og eldri hafa kosningarétt á Íslandi.
- Einstaklingur verður að hafa íslenskan ríkisborgararétt til að kjósa í Alþingiskosningum.
- Til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum verða erlendir ríkisborgarar að hafa átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag.
- Á Íslandi er þrískipting valds: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í San Francisco 26. júní árið 1945. Þetta var fyrsti alþjóðlegi sáttmálinn sem sérstaklega stefndi að því að viðhalda og varðveita mannréttindi allra í heiminum.
- Íslendingar fengu aðild að Sameinuðu þjóðunum árið 1946.
- Mannréttindayfirlýsing SP var undirrituð 10. desember 1948.
- Þar segir m.a.: Allir eru bornir frjálsir og jafnir. Allir hafa sömu réttindi óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða öðrum skoðunum

Úr mannréttindayfirlýsingu Sp

- Allir er bornir frjálsir og jafnir. Allir hafa sömu réttindi óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða öðrum skoðunum.
- Allir hafa rétt til lífs, frelsis og öryggis. Enginn getur átt aðra manneskju, selt hana eða keypt.
- Hver maður hefur rétt til mannsæmandi lífskjara. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð.
- Allir hafa skyldur og réttindi gagnvart samfélaginu og meðborgurum sínum.
- Enginn hefur rétt til að handtaka mann eða svipta frelsi án gildrar ástæðu. Allir eiga rétt á réttlátri málsmeðferð fyrir óháðum dómstólum.
- Allir hafa rétt til ríkisfangs og að tilheyra sínu landi.

Mannréttindadómstóll Evrópu

- Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) var stofnaður árið 1959 á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu. Ísland undirritaði samninginn árið 1950 og var hann lögfestur á Íslandi árið 1994.
- Sáttmálinn fjallar m.a. um rétt til lífs og frelsis, til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, bann við pyndingum, friðhelgi einkalífs og tjáningar-, trú- og félagafrelsi.
- Fjölmörg sértæk mannréttindi eru varin í alþjóðasamningum sem og í íslenskum lögum og í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Hatursræða

- Hatursræða er orð, myndir eða önnur tjáning sem breiðir út eða hvetur til haturs gegn einstaklingi sem tilheyrir tilteknum hópi einstaklinga.
- Hatursræða er særandi og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og hópa.
- Samkvæmt íslenskum hegningarlögum getur opinber hatursræða gegn einstaklingum eða hópum vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar varðað sektum eða fangelsi, allt að 2 árum.



Fordómar

- Fordómar eru þeir dómar sem fólk fellir þegar aðeins ein hlið máls hefur verið skoðuð eða þegar eitthvað er dæmt fyrir fram.
- Fordómar skapast oft af vanþekkingu og hræðslu við nýja og framandi hluti sem fólk sér í fjölmiðlum eða í samfélaginu.
- Bæði þeir sem búa fyrir í samfélagi og þeir sem flytja í nýtt samfélag geta upplifað og fundið fyrir fordómum.
- Þátttaka og sýnileiki ólíkra einstaklinga á sem flestum sviðum lífsins eykur víðsýni og dregur úr fordómum.
- Það er hollt fyrir alla að velta því fyrir sér hvort þeir búi yfir neikvæðum fordómum þegar þeir sjá og upplifa eitthvað nýtt og framandi. Þá er gott að kafa dýpra í málið, leita sér upplýsinga og spyrja spurninga.

Fjölmiðlar

- Allir hafa aðgang að fjölmiðlum og samfélagsmiðlum á netinu.
- Það er mikilvægt að hafa í huga að ekki eru allar upplýsingar á netinu sannar eða réttar.
- Gott er að nota vefsíður opinberra aðila á Íslandi til að fá réttar upplýsingar, t.d. www.covid.is, www.vedur.is, www.island.is
- Ein leið til að verða virkari þátttakandi í nýju samfélagi er að fylgjast með fréttum þar. Það er líka gott til að æfa íslensku.
- Á www.ruv.is og í sjónvarpinu eru fréttir og mikið af efni fyrir börn og fullorðna, sumt með íslenskum texta. RÚV er ríkisstofnun.
- www.grapevine.is er fréttamiðill á ensku með fréttir og efni sem tengist íslensku samfélagi og einnig <https://icelandmonitor.mbl.is/news/> . Margir fleiri miðlar eru vinsælir meðal almennings á Íslandi.

Jafnrétti

- Þegar talað er um jafnrétti er oft átt við jafnan rétt og tækifæri karla og kvenna.
- Nú til dags er þó átt við jafnrétti í víðari skilningi og oft talað um jafnræði: Allir skulu hafa sömu réttindi og tækifæri óháð aldri, uppruna, fötlun, kyni, trú og kynhneigð.
- Jafnrétti þýðir meðal annars, að hafa sömu tækifæri til að hafa áhrif og leggja sitt af mörkum, að ábyrgð og að byrðum sé úthlutað jafnt og að fólk þurfi ekki að óttast misnotkun eða ofbeldi.



Málfrelsi

- Málfrelsi þýðir að allir megi tjá skoðanir sínar um stjórnámál, trúmál og önnur málefni án þess að óttast ofsóknir.
- Málfrelsi gildir jafnt fyrir einstaklinga og útvarp, sjónvarp, dagblöð og samfélagsmiðla.
- Það er samt ólöglegt að tala niðrandi um fólk vegna uppruna þess eða mismuna fólki í opinberri umræðu, bæði í töluðu og skrifuðu máli.



Mynd frá VMST

Lagavernd

- Íbúar Íslands njóta lagaverndar. Það þýðir m.a. að:
 - Það er ekki hægt að dæma neinn í fangelsi án þess að fá réttláta málsmeðferð. Það þýðir að málið er rekið fyrir dómi af lögmönnum og að óháðir dómarar ákveða hvort hinn ákærði er sekur. Í kjölfar dóms er refsing ákveðin.
- Þó er hægt að halda fólki í varðhaldi á meðan lögreglan rannsakar mál. Dómari þarf að úrskurða um varðhald.
- Allir sem hafa stöðu sakbornings eiga rétt á því að fá lagalega ráðgjöf við yfirheyrslur.
- Manneskja sem gefur skýrslu fyrir dómi og kann ekki nógu vel íslensku á rétt á túlki á kostnað ákæruvaldsins.



Trúfrelsi og félagafrelsi

- Trúfrelsi er frelsi einstaklinga til að velja hvaða trúfélagi þeir vilja tilheyra eða að standa utan trúfélaga. Á Íslandi ríkir trúfrelsi en þjóðkirkjan er evangelísk-lúthersk. Þjóðkirkjan er stærst og sú kaþólska næst stærst en fjölmörg önnur trúfélög eru virk.
- Ekki má þvinga aðra manneskju til að taka þátt í eða hætta í trúfélagi.
- Það sem skiptir mestu máli varðandi félagafrelsi er:
 - Réttur til að vera í stjórnmalaflokki eða samtökum án þess að þurfa að óttast ofsóknir eða að verða handtekinn.
 - Réttur til að vera í verkalýðsfélagi án þess að þurfa að óttast ofsóknir eða að verða handtekinn.
 - Réttur til að tjá skoðanir sínar í löglegum mótmælum.

Mannréttinda- og ráðgjafaskrifstofur

- Á Íslandi er starfrækt Mannréttindaskrifstofa Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur m.a. að framgangi mannréttinda.
- Skrifstofan hefur einnig eftirlitshlutverk með stöðu mannréttinda á landinu. Lögfræðiráðgjöf er fyrir innflytjendur.
- Reykjavíkurborg rekur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem sér um að fylgja eftir mannréttindastefnu borgarinnar.
- Fjölmenningarsetur (Multicultural and Information Centre) er með símaráðgjöf í síma 450 3090 og öflugan upplýsingavef á nokkrum tungumálum, www.mcc.is

Velferðarkerfi

- Á Íslandi er svokallað velferðarkerfi sem tekur til áriðandi þátta m.a. varðandi lífsgæði, menntun og heilsuvernd og eru þeir fjármagnaðir í gegnum skattkerfið.
- Í velferðarríki úthluta ríki og sveitarfélög fjármunum til að allir íbúar njóti grundvallargæða eins og húsnæðis, matar, læknisaðstoðar og menntunar. Og það byggir á því að allir sem vinna borgi skatta.
- Einstaklingur safnar líka réttindum fyrir sig og á rétt á orlofi og getur fengið atvinnuleysisbætur og sjúkrapeninga ef hann missir vinnuna eða slasast.
- Ef fólk er lengi veikt er hægt að sækja um sjúkradagpeninga til Sjúkratrygginga Íslands eða endurhæfingarlífeyri til Tryggingastofnunar ríkisins. Ororkulífeyrir er ætlaður einstaklingum á aldrinum 18-67 ára sem geta ekki unnið fulla vinnu sökum skertrar starfsgetu.
- Þeir sem eru 65 ára og eldri og hafa búið á Íslandi í minnst þrjú ár eiga rétt á ellilífeyri.



Mynd frá VMST

Ríki og sveitarfélög

- Íslenska ríkið ber ábyrgð á fjármálum landsins, utanríkisstefnu, dómsmálum og kosningum svo eitthvað sé nefnt. Það mótar stefnur í flestum málum íslensk samfélags svo sem varðandi efnahagsmál, almannaoöryggi, menntamál, heilbrigðismál, náttúruvernd, mannréttindi, vísindi og nýsköpun.
- Sveitarfélög á Íslandi eru rúmlega 70 og í hverju þeirra eru margir bæir og þorp. Þau sjá m.a. um:
 - rekstur leikskóla, grunnskóla og félagsstarf barna
 - fræðslu og aðstoð þegar erfiðleikar steðja að fjölskyldum sem geta t.d. sótt um tímabundna fjárhagsaðstoð til sveitarfélagsins og fengið aðstoð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
 - þjónustu og búsetuúrræði fyrir aldraða og fatlaða
 - sorphirðu, sundlaugar, bókasöfn, íþróttahús, almenningssamgöngur, skipulagsmál og margt fleira

Vinnumálastofnun

- Vinnumálastofnun sér um að aðstoða fólk sem missir vinnuna og er í atvinnuleit. Hjá henni er hægt að sækja um atvinnuleysisbætur og fá náms- og starfsráðgjöf.
- Sá sem er á atvinnuleysisbótum þarf alltaf að vera virkur í atvinnuleit og vera tilbúinn til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum, til dæmis að fara á námskeið eins og íslenskunámskeið.
- Hjá Fæðingarorlofssjóði sækja verðandi foreldrar líka um fæðingarorlof. Fjárupphæðin sem foreldrar fá fer eftir því hvort fólk hefur verið í fastri vinnu og hversu mikið það hefur fengið greitt fyrir hana. Fyrir þá sem hafa ekki verið í fastri vinnu eða námsmenn er hægt að sækja um fæðingarstyrk.



Vefsíður

www.althingi.is

www.asatru.is

www.bahai.is

www.catholica.is

www.covid.is

www.dv.is

www.facebook.com/foundationoficeland/ -

www.faedingarorlof.is

www.grapevine.is

www.humanrights.is

www.island.is

www.kirkjan.is

www.mbl.is

www.mcc.is

www.reykjavik.is/mannrettindi

www.ruv.is

www.sjukra.is

www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/listi-yfir-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog

www.skra.is

www.tr.is

www.vedur.is

www.visir.is

www.vmst.is

www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/listi-yfir-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið